



ÖLFUS

Persónuverndarstefna

2022

Upplýsingar sem fram koma í stefnu þessari byggja á kröfum sem lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga gera til þeirra sem vinna með persónuupplýsingar einstaklinga.

Efnisyfirlit

| | |
|---|---|
| Almennt..... | 2 |
| Ábyrgðaraðili | 2 |
| Persónuverndarfulltrúi | 2 |
| Vinnsla persónuupplýsinga hjá Ölfus | 2 |
| <i>Pegar þú sendir inn umsókn.....</i> | 2 |
| <i>Pegar þjónustugjöld eru ákveðin og innheimt</i> | 3 |
| <i>Pegar fasteignagjöld eru ákveðin og innheimt</i> | 3 |
| <i>Pegar sveitarfélagið sinnir eftirlitshlutverki</i> | 3 |
| <i>Pegar einstaklingar sækja um starf.....</i> | 3 |
| <i>Pegar einstaklingar eiga í viðskiptasambandi</i> | 3 |
| <i>Pegar einstaklingar senda inn erindi</i> | 4 |
| <i>Eftirlitsmyndavélar</i> | 4 |
| <i>Vefkökur</i> | 4 |
| Miðlun persónuupplýsinga til þriðja aðila | 4 |
| Varðveislutími persónuupplýsinga..... | 4 |
| Réttindi einstaklinga | 5 |
| Öryggi persónuupplýsinga..... | 6 |
| Endurskoðun | 6 |

Almennt

Sveitarfélagið Ölfus („Ölfus“) hefur einsett sér að tryggja trúnað, áreiðanleika og tiltækileika persónuupplýsinga í hvívetna.

Í persónuverndarstefnu þessari er því lýst hvernig Ölfus vinnur með persónuupplýsingar. Öll vinnsla sveitarfélagsins fer fram á grundvelli laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga („persónuverndarlög“).

Ábyrgðaraðili

Ábyrgðaraðili við vinnslu persónuupplýsinga er sá aðili sem ákveður tilgang og aðferðir við vinnsluna. Ölfus er ábyrgðaraðili á vinnslu persónuupplýsinga hjá sveitarfélaginu.

Samskiptaupplýsingar Ölfuss

- Sveitarfélagið Ölfus
- Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn
- S: 480 3800
- olfus@olfus.is

Persónuverndarfulltrúi

Ölfus hefur skipað persónuverndarfulltrúa í samræmi við persónuverndarlög. Hlutverk hans er að sinna innra eftirliti, fræða og ráðleggja starfsfólki um þær skyldur sem hvíla á sveitarfélaginu með tilliti til persónuverndarlaga. Jafnframt er persónuverndarfulltrúi tengiliður við einstaklinga og Persónuvernd.

Samskiptaupplýsingar persónuverndarfulltrúa

- Vigdís Sigríður Jóhannsdóttir
- S: 866 9125
- personuvernd@olfus.is

Vinnsla persónuupplýsinga hjá Ölfus

Þegar þú sendir inn umsókn

Hjá Ölfus geta einstaklingar sent inn umsóknir af ýmsu tagi. Umsóknir innihalda alla jafna óskir um þjónustu, gjaldtöku eða leyfi fyrir tiltekinni aðgerð. Réttur umsækjanda til framangreinds er ávallt ákveðinn með lögum. Ölfus vinnur fyrst og fremst með persónuupplýsingar í þeim tilgangi að leggja mat á og taka ákvörðun um rétt umsækjanda.

HUGTÖK

Persónuupplýsingar

Með persónuupplýsingum er átt við allar upplýsingar sem hægt er að rekja til tiltekins einstaklings. Hér má nefna upplýsingar á borð við nafn, kennitölu, heimilisfang, símanúmer, netfang, myndefni, netauðkenni, samskipti, bílnúmer o.fl.

Í 2. – 3. tl. 1. mgr. 3. gr. persónuverndarlaga er nánar tilgreint hvað fellur undir hugtökin „persónuupplýsingar“ og „viðkvæmar persónuupplýsingar“.

Vinnsla persónuupplýsinga

Með vinnslu á persónuupplýsingum er átt við aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með persónuupplýsingar. Sem dæmi um vinnslu á persónuupplýsingum má nefna söfnun þeirra, skráningu, varðveislu, breytingu, miðlun, notkun, skoðun o.fl.

Í 4. tl. 1. mgr. 3. gr. persónuverndarlaga er nánar tilgreint hvað fellur undir hugtakið „vinnsla“.

Heimild til vinnslu persónuupplýsinga byggir í þessum tilfellum á 3. og 5. tl. 9. gr. persónuverndarlaga.

Þegar þjónustugjöld eru ákveðin og innheimt

Ölfus hefur í mörgum tilvikum heimild samkvæmt lögum til að ákveða og innheimta gjald fyrir þjónustu sem það veitir íbúum sveitarfélagsins. Þegar innheimta þarf slíkt gjald er sveitarfélaginu nauðsynlegt að vinna með persónuupplýsingar og byggir heimild til þess á 5. tl. 9. gr. persónuverndarlaga.

Þegar fasteignagjöld eru ákveðin og innheimt

Í lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga er kveðið á um skyldu sveitarfélaga til að leggja á fasteignaskatt og heimild þeirra til að ákveða skatthlutfall innan þess ramma sem í lögnum greinir. Er Ölfus annars vegar nauðsynlegt að vinna með persónuupplýsingar í þeim tilgangi að uppfylla lagaskyldu og hins vegar að beita því opinbera valdi sem það fer með lögum samkvæmt.

Byggir heimild til vinnslunnar á 3. og 5. tl. 9. gr. persónuverndarlaga.

Þegar sveitarfélagið sinnir eftirlitshlutverki

Lögum samkvæmt sinnir sveitarfélagið eftirlitshlutverki en lög kveða á um úrræði sveitarfélögum til handa. Má hér til dæmis nefna barnaverndarlög nr. 80/2002, lög nr. 160/2010 um mannvirki og skipulagslög nr. 123/2010. Vinnsla persónuupplýsinga í þessum tilfellum er iðulega nauðsynleg til að uppfylla lagaskyldu sem hvílir á sveitarfélaginu og beita því opinbera valdi sem það fer með lögum samkvæmt.

Heimilt til vinnslunnar byggir á 3. og 5. tl. 9. gr. persónuverndarlaga.

Þegar einstaklingar sækja um starf

Þegar einstaklingar sækja um starf hjá Ölfus verður sveitarfélagið að vinna með persónuupplýsingar í þeim tilgangi að leggja mat á umsóknina með tilliti til þess starf sem sótt er um.

Heimild til vinnslu þeirra persónuupplýsinga byggir á 2. tl. 9. gr. persónuverndarlaga.

Þegar einstaklingar eiga í viðskiptasambandi

Ölfus á í viðskiptasambandi við ýmsa aðila, svo sem þá sem selja sveitarfélaginu sérfræðiþjónustu, úthluta búnaði eða taka að sér ákveðin verk. Til þess að slíkt viðskiptasamband gangi eftir verður sveitarfélagið að vinna með persónuupplýsingar.

Þegar einstaklingur veitir þjónustu í eigin nafni byggir heimild til vinnslunnar á 2. tl. 9. gr. persónuverndarlaga. Þegar einstaklingur kemur fram í nafni fyrirtækis byggir hún á 6. tl. 9. gr. persónuverndarlaga.

Pegar einstaklingar senda inn erindi

Hver sem er getur sent inn erindi til Ölfuss. Sveitarfélagið vinnur þá gjarnan með persónuupplýsingar í þeim tilgangi að afgreiða erindið og byggir heimild til vinnslunnar alla jafna á 3. tl. 9. gr. persónuverndarlaga.

Eftirlitsmyndavélar

Við húsakynni Ölfuss er að finna eftirlitsmyndavélar. Tilgangur með þeim er í öryggis- og eignavörsluskyni. Sérstakar merkingar eru til staðar til að gera einstaklingum viðvart um vöktunina. Myndefnið geymist að hámarki í 90 daga.

Heimild til vinnslu persónuupplýsinga byggir á lögmætum hagsmunum, sbr. 6. tl. 1. mgr. 9. gr. persónuverndarlaga.

Vefkökur

Þegar þú heimsækir vefsíðu eru vefkökur (*e. cookies*) vistaðar á tölvunni þinni eða öðrum snjalltækjum sem þú notast við. Vefkökur frá fyrsta aðila (*e. first-party cookies*) koma frá sama léni og vefsíðan sem þú heimsækir á meðan vefkökur frá þriðja aðila (*e. third-party cookies*) eru vefkökur sem koma frá öðrum lénum.

Vefsíða Ölfuss notar þær vefkökur frá fyrsta aðila sem eru nauðsynlegar fyrir virkni vefsins en að auki notar vefsíðan vefkökur frá þriðja aðila s.s. Google Analytics. Nánar má lesa um vefkökur í vafrakökustefnu Ölfuss.

Miðlun persónuupplýsinga til þriðja aðila

Ölfus notast við rafrænar lausnir frá þriðja aðila sem auðvelda sveitarfélaginu að halda utan um og miðla upplýsingum. Eigendur lausnanna kunna að hafa aðgang að persónuupplýsingum. Sveitarfélagið gerir þá ávallt vinnslusamning við viðkomandi þjónustuaðila í samræmi við persónuverndarlög. Slíkur samningur kveður meðal annars á um skyldu hans til að gæta fyllsta trúnaðar, tryggja öryggi og fara eingöngu með persónuupplýsingar í samræmi við fyrirmæli Ölfuss.

Sveitarfélagið kann í ákveðnum tilvikum að deila persónuupplýsingum með þriðja aðila sem ekki er bundinn fyrirmælum Ölfuss um meðferð þeirra. Rétt er þó að taka fram að framangreindum aðilum er ávallt skylt að haga meðferð persónuupplýsinga í samræmi við persónuverndarlög.

Varðveislutími persónuupplýsinga

Ölfus er afhendingarskyldur aðili samkvæmt lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Sveitarfélaginu er því almennt óheimilt að ónýta eða farga nokkru skjali nema það sé gert á grundvelli samþykktar Þjóðskjalavarðar. Upplýsingar eru almennt afhentar Héraðsskjalasafni Árnesinga á 30 ára fresti.

Réttindi einstaklinga

Einstaklingar njóta ákveðinna réttinda samkvæmt persónuverndarlögum. Ef þeir vilja nýta réttindin er hægt að senda beiðni um slíkt á personuvernd@olfus.is. Sveitarfélagið hefur einn mánuð til að svara erindi einstaklinga en Ölfus er heimilt að framlengja frestinn um tvo mánuði ef beiðnin er sérstaklega umfangsmikil. Rétt er að taka fram að réttindin eru ekki fortakslaus og kunna að vera háð ákveðnum skilyrðum.

Hér er að finna yfirlit yfir helstu réttindi þín:

| | |
|----------------------------------|---|
| Réttur til aðgangs | <ul style="list-style-type: none">• Þú átt rétt á að óska eftir aðgangi að þínum gögnum og fá afrit af þínum persónuupplýsingum.• Þú getur einnig átt rétt á aðgangi að gögnum á grundvelli 15. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 eða 14. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012. Hér getur verið ákveðin skörun á milli lagabálka sem þarf að meta hverju sinni. |
| Réttur til leiðréttingar | <ul style="list-style-type: none">• Þú átt rétt á að fá upplýsingar um þig sem eru rangar og ónákvæmar leiðréttar. Með hliðsjón af ákvæðum laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn er sveitarfélaginu þó oft óheimilt að breyta þeim gögnum sem það býr yfir, en þá kann að vera mögulegt að koma leiðréttingu á framfæri með athugasemd sem látin er fylgja gögnunum þegar við á. Þú getur einnig beðið sveitarfélagið að bæta við þær persónuupplýsingar sem það hefur undir höndum og þú telur ófullnægjandi. |
| Réttur til eyðingar | <ul style="list-style-type: none">• Sá réttur á ekki við um vinnslu persónuupplýsinga hjá sveitarfélaginu þar sem sveitarfélagið er bundið af fyrrgreindum lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn til að varðveita allar upplýsingar sem því berast. |
| Réttur til að andmæla vinnslu | <ul style="list-style-type: none">• Byggi vinnsla á persónuupplýsingum á lögmætum hagsmunum, og þú telur að hún brjóti gegn grundvallarréttindum þínum, þá getur þú andmælt vinnslunni nema við sýnum fram á ríkari hagsmuni af því að halda henni áfram. |
| Réttur til takmörkunar á vinnslu | <ul style="list-style-type: none">• Í ákveðnum aðstæðum áttu rétt á að biðja um að vinnsla sé takmörkuð. |

Réttur til að afturkalla samþykki

- Ef sveitarfélagið byggir á samþykki eiga einstaklingar rétt á að afturkalla samþykkið. Afturköllun samþykkis gildir er þó ekki afturvirk og gildir aðeins frá þeim tíma sem það er afturkallað.

Réttur til að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd

- Teljir þú að ekki sé farið með persónuupplýsingar þínar í samræmi við persónuverndarlög átt þú ávallt rétt á að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd (www.personuvernd.is)

Öryggi persónuupplýsinga

Ölfus hefur gripið til tæknilegra og skipulagslegra öryggisráðstafana í því skyni að tryggja viðunandi öryggi persónuupplýsinga. Aðgangsstýringar eru að kerfum og húsnæði sveitarfélagsins. Jafnframt fær starfsfólk reglulega þjálfun og fræðslu um hvernig gæta skuli að öryggi persónuupplýsinga. Öryggisráðstöfunum þessum er ætlað að vernda persónuupplýsingar gegn því að þær glatist, breytist, verði birtar eða aðgangur verði veittur að þeim í leyfisleysi.

Endurskoðun

Persónuverndarstefna þessi getur frá einum tíma til annars tekið breytingum í samræmi við breytingar sem verða á viðeigandi lögum og reglugerðum eða ef breytingar verða á því hvernig Ölfus vinnur með persónuupplýsingar. Á vefsíðu Ölfuss er ávallt að finna nýjustu útgáfu hverju sinni.